

Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 14. maí 2007

Hörður Sigurgestsson

Góðir fundarmenn!

Ég leyfi mér að setja aðalfund Landskerfis bókasafna fyrir árið 2007 og býð ykkur velkomin til þessa aðalfundar.

Ég legg til að Gunnar Sturluson hrl. verði kjörinn fundarstjóri. Ef ekki eru aðrar tillögur, þá er hann réttkjörinn og tekur við stjórn fundarins.

Skýrsla stjórnar

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað í nóvember 2001. Þetta er sjötti aðalfundur félagsins, en síðasti aðalfundur var haldinn 19. maí 2006. Rekstur félagsins er samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna í landinu. Tilgangur félagsins er að reka framsækið og öflugt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi. Rétt er að rifja upp að kerfið okkar heitir Aleph 500, og er í eigu ísraelska fyrirtækisins Ex Libris, en heitir svo Gegnir í okkar útgáfu. Þýðingarmiklir áfangar hafa náðst á þessum fyrstu árum í aðlögun og þróun kerfisins. Það er mat stjórnarinnar að innleiðingartímabilinu sé lokið, en nú taki við tímabil þróunar og eflingar kerfisins, sem endurspeglar í meiri og betri þjónustu.

Á árinu 2006 voru helstu áfangar í rekstrinum þessir. Útboð fór fram vegna hýsingar kerfisins, en upphaflegi samningurinn rann út á miðju ári. Nokkur tilboð bárust. Samið var við þann aðila sem lægst bauð og nýr hýsingaraðili er Nýherji hf. Samningurinn er til ársins 2010. Framlengja má samninginn til eins árs í senn, tvisvar sinnum. Útboðið reyndist mjög hagstætt. Hýsingarkostnaður hafði verið sem næst

30% af heildarrekstri fyrirtækisins. Mánaðarlegar greiðslur fyrir hýsingu höfðu numið nær tveimur milljónum króna, en eru nú um 0,3 milljónir króna á mánuði. Samstarf við nýjan hýsingaraðila hefur gengið vel.

Annar þýðingarmikill áfangi á árinu var ný útgáfa af Aleph 500, 16. útgáfan. Hin upphaflega var 14. útgáfan. Stöðugt koma fram nýjar viðbætur við kerfið, sem sendar eru út í formi svokallaðra þjónustupakka. Árlega kemur út ný útgáfa, þar sem allar viðbætur eru dregnar saman og bætt er við. Algengt er að söfnin taki upp nýja útgáfu annað hvort ár. Hafinn er undirbúningur af okkar hálfu að innleiðingu 18. útgáfunnar og er gert ráð fyrir að hún komist í gagnið á fyrri hluta næsta árs. Allnokkrir hnökrar komu upp við undirbúning og upptöku 16. útgáfunnar, sem töfðu hana, en á lokasprettinum gekk verkið vel.

Þriðja meginverkefnið var fjölgun viðskiptavina. Við bættust þýðingarmikil söfn, söfn sem flest hafa notað svonefnda Metrabók. Yfirfærsla á gögnum þessarra safna í Gegni var ekki einföld, og varð að hanna sérstaka aðferð til að framkvæma hana með öruggum hætti. Tókst sá flutningur vel á endanum í góðu samstarfi við marga aðila. Í þessum áfanga fjölgaði söfnum um 21. Í dag eru alls 218 söfn og safnaútibú virk í kerfinu og nota það til þess að tengja eintök. Þar af eru um 176 söfn, sem nota kerfið til útlána.

Á árinu var unnið að því að taka upp tenglakerfið SFX, sem er ætlað að auðvelda aðgang að rafrænum tímaritum. Hér er um að ræða viðbótarhugbúnað, án sérstaka greiðslna fyrir þau söfn, sem eru með rafrænar tímaritaáskriftir. Kerfið hefur verið innleitt og áskriftir Landsaðgangs, hvar.is verið gerðar aðgengilegar í SFX. Er nú unnið að því þessa dagana að aðstoða þátttökusöfn við að gera séráskriftir sínar aðgengilegar í SFX.

Kennsla hefur verið og er enn mjög þýðingarmikill hluti af starfsemi félagsins. Hún var með hefðbundnum hætti, einkum á haustdögum bæði á höfuðborgarsvæðinu

og úti á landi. Meðal annars voru söfnum sérstaklega kynntar nýjungar, sem fólust í útgáfu 16.

Aefli, sem er félag notenda Gegnis, gætir hagsmuna notenda kerfisins. Það var virkt á árinu og samskipti við það ágæt. Félagið hélt m.a. ráðstefnuna “Gegnir, vonir og væntingar” í desember. Var þar rætt um Gegni, hverju hann hefði breytt, hvað hefði áunnist og hvað má gera enn betur. Var umfjöllunin jákvæð. Nýlega hefur stjórn Landskerfis bókasafna haft samráðsfund með stjórn Aleflis þar sem farið var yfir núverandi verkefni Landskerfis bókasafna og þau sem eru framundan.

Í samstarfi við Aefli hefur starfað svonefnt Skráningarráð á vegum Landskerfis bókasafna, sem setur verklagsreglur um bókfræðilega skráningu og hefur eftirlit með gæðum skráningar. Innan Skráningarráðs hefur verið fjallað um efnisorð. Nauðsynlegt er að búa Gegni öflugri efnisorðaskrá en nú er, m.a. vegna fjölbreytileika safna, og gera hana aðgengilegri í kerfinu. Samræmd efnisorðaskráning gerir leitir auðveldari í kerfinu og eykur gæði gagna þess. Er hér um verulegt átaksverkefni að ræða, sem nú þarf að ljúka. Hefur því verið ákveðið í samstarfi við núverandi Skráningarráð að setja á fót formlega sjálfstætt Efnisorðaráð, sem mun starfa út árið 2008. Það mun starfa við hlið Skráningarráðs.

Í lok apríl þessa árs, voru rúmlega 839 þúsund titlar skráðir í Gegni, en rúmlega 3,8 milljónir eintaka. Fyrir ári síðan námu titlar í kerfinu um 805 þúsundum á meðan eintakafjöldi var rúmlega 3,4 milljónir. Útlán í aprílmánuði voru tæp 240 þúsund. Á árinu 2006 voru lán skráð á 93.383 mismunandi kennitölur í kerfinu.

Eignarhald á Landskerfi bókasafna hf., er óbreytt frá því, sem var árið áður. Hluthafar eru 49. Eiga tveir hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, íslenska ríkið, sem á 52,2% og Reykjavíkurborg, sem á 20,5%.

Rekstrartekjur árið 2006 námu 73,1 milljón króna en voru 77,6 milljónir króna árið áður. Árið 2005 var rekstrarframlag samkvæmt áður gerðu samkomulagi við menntamálaráðuneytið 7,0 milljónir króna, en það var síðasta árið, sem slíkt framlag var greitt. Ef borin er saman seld þjónusta þessi ár, þá var hún 73,1 milljón króna árið 2006, en sambærileg tala 70,6 milljónir króna árið 2005. Seld þjónusta hafði því hækkað um 3,6% milli ára. Gjaldskrá þjónustu hækkaði ekki á milli ára. Hún hefur verið óbreytt frá upphafi. Rekstrargjöld árið 2006 námu samtals 83,5 milljónum króna, en árið áður 78,5 milljónum króna. Hækkaði um 6,4%. Fjármagnstekjur námu 4,4 milljónum króna. Tap varð því 6,0 milljónir króna, en árið áður var hagnaður að upphæð 1,1 milljón króna. Áætlað tap hafði verið 4 milljónir króna. Tveir liðir vegna þyngst í aukningu útgjalda. Er þar annars vegar aukinn launakostnaður, vegna yfirvinnu og starfsmannabreytinga, en hins vegar aukinn kostnaður vegna hugbúnaðarþjónustu Ex Libris í kjölfar þess, að Gegnir komst endanlega í rekstur, og innleiðingartímabili því, sem kveðið var á um í upphaflegum samningi, var lokið. Þess má geta, að áætlanir ársins 2007 gera ráð fyrir um 1 milljón króna hagnaði. Eigið fé nam 82,5 milljónum króna, en var árið áður 88,5 milljónir króna. Það hefur því lækkað sem nam tapinu.

Þegar gengið var frá kaupum á Aleph 500 kerfinu á árinu 2001, var ákveðið að afskrifa kerfið á átta árum. Gengið var út frá því að að þeim árafjölda liðnum yrði hægt að endurfjárfesta að fullu. Í lok ársins 2006 voru fimm ár liðin af áætluðu átta ára afskrifatímabili. Hér hefur reynslan að líkindum sýnt, að um hraða afskrift er að ræða og ekki líklegt að komi til endurfjármögnunar að þremur árum liðnum. Stjórnin taldi því eðlilegt að dreifa afskriftum á lengri tíma, lækka afskriftir þar með og skapa svigrúm fyrir meiri þjónustu og endurbætur. Í kjölfar viðræðna við Ríkisendurskoðun var ákveðið að dreifa því, sem eftir var af upphaflegum kerfiskostnaði, á fimm ár í

stað þriggja. Jafnframt var ákveðið, að hugbúnaður yrði afskrifaður á fimm árum hér eftir. Gert er ráð fyrir að hin nýja regla gildi frá og með árinu 2007.

Á þessu ári, árið 2007, eru meginverkefni þessi. Unnið hefur verið að endurgerð á gegnir.is, þ.e. endurhönnun á vef Gegnis, sem hefur verið nánast óbreyttur frá upphafi, og nú þarf að aðlaga nýjum kröfum og nýrri tækni. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á árinu.

Annað nýtt verkefni er áður nefnd efnisorðavinna vegna Gegnis. Hefur Landskerfi bókasafna hf. gert samning við Landsbókasafn-Háskólabókasafn um átaksvinnu þeirra á, árunum 2007-2008 til að ljúka því verkefni að mestu. Landskerfi bókasafna hf. fjármagnar það verk að verulegu leyti. Að því loknu er gert ráð fyrir, að Landsbókasafn-Háskólabókasafn, í samvinnu við bókasöfn landsins, taki að öllu leyti yfir þetta verkefni.

Þriðja verkefnið lítur að undirbúningi að 18. útgáfu kerfisins. Stefnt er að hún komist í gagnid á fyrrihluta næsta árs og verður almennur undirbúningur hafinn í haust. Stefnt er að því að halda áfram að taka inn nýja þjónustupakka sem fram koma á árinu.

Í fjórða lagi hefur á árinu verið unnið að undirbúningi þess að taka í notkun sjálfsafgreiðsluvélar í söfnum, þar sem lántakandi geti afgreitt sig sjálfur. Frumkvæði að því verki á Borgarbókasafnið, sem mun nú á næstu vikum taka í notkun nokkrar slíkar vélar. Gert er ráð fyrir, að önnur sveitarfélög muni fylgja í kjölfarið.

Samskipti Landskerfis bókasafna hf. og bókasafnanna byggjast á þjónustusamningum á milli þeirra. Samningarnir hafa verið gerðir á mismunandi tímum, og eru ekki allir eins. Dæmi um það er, að í sumum samninganna eru verðlagsákvæði tengd þjónustugjöldum, en á öðrum ekki. Stefnt yrði að því að samningarnir verði endurskoðaðir og verði allir því sem mest eins. Sem sagt að

samningarnir verði verðtryggðir. Jafnframt telur stjórn eðlilegt, að söfnin njóti að nokkru þess ávinnings, sem varð af lækkun á hýsingarkostnaði með því að lækka þjónustugjöldin. Gert er ráð fyrir lækkun á bilinu 3-12%. Stefnt er að því að ljúka endurskoðun samninga fyrir áramót í góðu samstarfi við samningsaðila.

Á umliðnum árum hefur þekking, á kerfinu og möguleikum þess, aukist á meðal aðildarsafna. Mikill fjöldi nýrra safna hefur verið tekinn inn í kerfið. Fjöldi þjónustubeiðna frá söfnum hefur stóraukist, auk þess sem úrlausnarefnin verða flóknari viðfangs. Ljóst er, að við þessu verður að bregðast, annars vegar með því að bæta þjónustu á skrifstofu Landskerfis bókasafna og hins vegar með því að gera söfnin meira sjálfbjarga. Hið fyrrnefnda kallar á aukinn fjölda starfsmanna og notkun verkferla við úrlausn verkefna. Á núverandi starfsári hafa þegar verið lögð drög að þessu.

Auknar kröfur um þjónustu felast m.a. í því að auka möguleika bókasafna til þess að sækja tölfraðileg gögn af ýmsu tagi út úr kerfinu, en þessi möguleiki er ekki fyrir hendi í dag. Huga þarf að því að koma upp vöruhúsi gagna, þar sem fyrir hendi yrðu fyrirfram skilgreindar fyrirspurnir af ýmsu tagi, sem væru aðgengilegar fyrir söfnin. Ex Libris býður upp á vöruhús gagna, sem keyrir á afriti af gagnagrunni Aleph 500 kerfisins. Kallast það ARC (Aleph Reporting Center). Fyrir liggur, að í samvinnu við helstu hagsmunaðila þarf að leggja drög að stöðlun tölfraðilegra gagna og í kjölfarið að kanna hvort ARC henti fyrir aðstæður á Íslandi.

Á fjölmennri skráningarráðstefnu “Cataloguing 2007, Back to Basics – and Flying into the Future”, sem haldin var í Reykjavík í byrjun árs 2007, var sýnd altæk vefgátt fyrir bókasafnaheiminn. Um er að ræða leitarvél, Primo, frá Ex Libris, sem fullnægir betur þörfum notenda bókasafna, en nú tíðkast almennt. Landskerfi bókasafna þarf að fylgjast með þróuninni á þessum vettvangi, því reikna má með að með því sé verið að leggja grunn að rafrænni gagnaleit framtíðar.

Landskerfi bókasafna hf. rekur metnaðarfullt rafrænt upplýsingakerfi fyrir íslensk bókasöfn. Það vinnur aðallega fyrir opinberar stofnanir og fyrirtæki. Það er í eigu ríkis og sveitarfélaga. Ef grannt er skoðað má greina þörf fyrir tvö önnur slík kerfi fyrir aðrar stofnanir og og fyrirtæki á vegum hins opinbera. Þar er ég með annars vegar í huga rafræn upplýsingakerfi fyrir menningarsöfn ríkis og sveitarfélaga. Drög að slíku kerfi er Sarpur. Hins vegar upplýsingakerfi fyrir skjöl og skjalavinnslu. Enginn vísir er enn til að slíku kerfi hér á landi. Spurt hefur verið, hvort Landskerfi bókasafna gæti ekki verið réttur og eðlilegur farvegur fyrir frekari þróun á þessum vettvangi. Stjórn og framkvæmdastjóri Landskerfisins hefur rætt málið, og hefur svað þeim, sem um hafa spurt, að þau séu tilbúin til að taka þátt í hugmyndavinnu sem leiði til framvindu í þessum efnum.

Góðir fundarmenn!

Framkvæmdastjóraskipti urðu í fyrirtækinu í september síðastliðnum. Árni Sigurjónsson, sem gengt hafði starfi framkvæmdastjóra nær frá upphafi lét þá af störfum að eigin ósk. Nýr framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir rafmagnsverkfræðingur, Dipl.Ing. frá tækniháskólanum í Darmstadt í Þýskalandi. Árna eru þökkuð vel unnin störf á upphafsárum fyrirtækisins. Sveinbjörg er boðin velkomin til starfa.

Ég vil þakka hluthöfum fyrir samstarf og stuðning. Ég vil þakka starfsmönnum fyrirtækisins fyrir drjúgt starf, og sömuleiðis þeim mörgu stoð- og samstarfsmönnum sem á söfnum vinna. Ég færi Alefli þakkir fyrir samstarfið. Loks vil ég þakka samstjórnarmönnum mínum uppbyggilegt og skemmtilegt samstarf á þeim 12 stjórnarfundum sem við höldum, svo og utan þeirra.

Takk fyrir.